

FRÉTTABRÉF

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is

2. tbl. 2009 – Apríl

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga

verður haldinn 5. maí 2009

Dagskrá:

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga verður haldinn **þriðjudaginn 5. maí á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38.**

Fundurinn hefst kl. 17:15.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn og taka þátt í umræðum og atkvæðagreiðslu um breytingar á samþykktum og kjósa til stjórnar sjóðsins.

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningsskil
3. Fjárfestingarstefna
4. Lífeyrisuppgjör pr. 31.12. 2008
- skýrsla tryggingafræðings sjóðsins
5. Stjórnarlaun
6. Breytingar á samþykktum
7. Kosning tveggja manna í stjórn og tveggja til vara
8. Kosning endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna
9. Önnur mál

Endurskoðaðir og undirritaðir reikningar sjóðsins ásamt skýrslu tryggingafræðings munu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins viku fyrir aðalfund, sjóðfélögum til sýnis.

Ársreikning má einnig nálgast á heimasíðu sjóðsins www.lifsverk.is.

Breytingar á samþykktum

Stjórn sjóðsins gerir tillögur í fjórum liðum til aðalfundar um breytingar á samþykktum sjóðsins:

- Lækkun áunninna réttinda um 10%.
- Lækkun réttindaávinnslu vegna framtíðar-iðgjalda um 5%.
- Auknar kröfur um áhættustýringu fjárfestinga.
- Endurskoðunarnefnd í stað skoðunarmanna ársreiknings.

Ennfremur verða kynntar breytingar sem stjórnin gerði á samþykktunum í janúar sl. og leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga sem tóku gildi um sl. áramót:

- Rýmri tímamörk til að skipta áunnum ellilífeyrisréttindum milli hjóna og sambúðarfólks.
- Rýmkaðar heimildir til útgreiðslu séreignarsparnaðar og uppsagnar samnings um sparnaðinn.

Gerð er nánari grein fyrir hverju þessara atriða í öðrum köflum þessa fréttabréfs.

Rýmkaðar reglur um séreignarsparnað

Með lagabreytingum sem tóku gildi um sl. áramót hafa reglur um séreignarsparnað verið rýmkaðar:

- Heimilt er að taka allan sparnaðinn út við 60 ára aldur.
- Erfingjar geta fengið sparnaðinn greiddan út í einu lagi.
- Segja má upp samningi um lífeyrissparnað með tveggja mánaða fyrirvara í stað sex mánaða áður.

Skipting ellilífeyrisréttinda heimil fram að 65 ára aldri

Með lagabreytingum sem tóku gildi um sl. áramót er heimilt að semja um skiptingu áunninna ellilífeyrisréttinda milli hjóna og sambúðarfólks allt fram að 65 ára aldri. Áður voru aldursmörkin sjö árum áður en taka lífeyris gat fyrst hafist og þar af leiðandi við 55 ár aldur hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga.

Aðgerðaáætlun til að bæta tryggingafræðilega stöðu

Stjórn sjóðsins leggur til að fylgt verði aðgerðaáætlun í þremur skrefum til að bæta tryggingafræðilega stöðu sjóðsins:

1. skrefið er að ná tryggingafræðilegri stöðu að u.þ.b. -10%. Það er gert með því að breyta samþykktum á komandi aðalfundi:

- a) Skerða áunnin réttindi um 10%.
- b) Lækka réttindastuðla um 5% þannig að meðalávinnsla verði 1,483% á ári í stað 1,557%.

Með þessu batnar tryggingafræðileg staða úr -16,8% í um -10,1%. Ekki komi til frekari skerðingar árin 2010-2011 nema ef staðan verður verri en -10%.

2. skrefið er að ná tryggingafræðilegri stöðu í -5% eftir þrjú ár. Takist það ekki verða áunnin réttindi skert á árinu 2012 þannig að tryggingafræðileg staða verði betri en -5%. Ef meðalraunávöxtun verður um 7% næstu þrjú árin (2009-2011) þá verður líkleg staða sjóðsins betri en -5% í árslok 2011.

3. skrefið er að ná tryggingafræðilegri stöðu í 0% á næstu fimm árum. Takist það ekki verða áunnin réttindi skert á árinu 2014 þannig að tryggingafræðileg staða verði 0%. Ekki komi til frekari skerðingar á árinu 2013 nema ef staðan verður verri en -5%. Ef meðalraunávöxtun verður um 7% næstu fimm árin þá verður líkleg staða sjóðsins um 0% í árslok 2013.

RÖKSTUÐNINGUR:

Skerðing áunninna réttinda um 10%:

Sjóðurinn á aðeins fyrir 67% af áföllnum skuldbindingum. Af hverri lífeyrisgreiðslu koma því 33% úr eignum annarra sjóðfélaga. Sá kostnaður nemur á heilu ári um 120 milljónum króna (m.v. 2008), en með 10% skerðingu yrði hann um 80 mkr. Útlit er fyrir launaskerðingu greiðandi sjóðfélaga á þessu ári og jafnvel nokkurt atvinnuleysi meðal sjóðfélaga. Lífeyrir fylgir hins vegar neyslu-vísitölu. Hún hækkaði um 16,4% á árinu 2008 en launavísitala hækkaði á sama tíma aðeins um 7,5%. Skerðing um 10% er áþekk og varð á kaupmætti launa árið 2008. Slík skerðing samsvarar 1,2 mánaðarlaunum.

Lækkun réttindaávinnslu:

Með lækkun réttindastuðla um 5% er verið að mæta lengingu lífaldurs og fjölgun kvenna í sjóðnum og jafnframt byggja upp varasjóð vegna framtíðarlífeyris til að draga úr líkum á skerðingu í framtíðinni. Núgildandi stuðlar miðast við meðalævilengd frá árunum 1999-2003 og að hlutfall kvenna í sjóðnum sé 20%. Meðalævilengd hefur aukist um tæpt ár frá því að stuðlarnir voru reiknaðir og konur eru þegar orðnar um 20% af sjóðfélögum og hækkar það hlutfall um a.m.k. 1% á ári. Á síðasta ári voru konur 36% af nýjum sjóðfélögum.

Endurskoðunarnefnd

Um sl. áramót tók gildi lagaákvæði um að stjórn lífeyrissjóðs skuli skipa þriggja manna endurskoðunarnefnd. Stjórnin leggur því til þá breytingu á samþykktum að í stað tveggja skoðunarmanna velji aðalfundur tvo nefndarmenn og síðan skipi stjórnin þann þriðja. Lögin kveða jafnframt á um að nefndarmenn uppfylli skilyrði um hæfi, menntun og reynslu til starfa í nefndinni.

Áhættustýring fjárfestinga

Stjórn sjóðsins leggur til að bætt verði við nýrri grein í 5. kafla samþykktanna um ávöxtun á fé sjóðsins, þar sem auknar verði kröfur um áhættustýringu.

Í samþykktunum eru sömu fjárfestingarheimildir og gildandi lög og opinberar reglur heimila á hverjum tíma. Að mati stjórnar er þörf á að efla áhættustýringu og setja þrengri skorður en lögin tiltaka um verðbréf einstakra útgefenda og tengdra aðila, svo og um flóknar fjármálaafurðir. Einnig er þörf á að hafa reglur um mat á tengdri áhættu, t.d. tap af öðrum eignum ef verðbréf eins útgefanda tapast eða lækka í verði. Reynslan af bankahruninu á síðasta ári sýnir að þessi áhætta var vanmetin hjá íslenskum lífeyrissjóðum.

Hækkun vaxta í 3,7%

Stjórn sjóðsins kynnir á aðalfundinum hugmyndir um að hækka vexti sjóðfélagalánnum um 0,2% í 3,7%. Rekstrarkostnaður sjóðsins er um 0,2% af eignum og telur stjórnin sanngjarnt að lánin standi undir kostnaði og skerði ekki lífeyrisréttindaöflun sem samkvæmt lögum er miðuð við 3,5% raunávöxtun.